



FJÖLMÍÐLANEFND

11. janúar 2019
Ákvörðun nr. 1/2019

Brot Ríkisútvarpsins á 2. mgr. 7. gr. laga um Ríkisútvarpið nr. 23/2013 með kostun Golfsambands Íslands á þáttaröðinni Golfið sem var á dagskrá RÚV sumarið 2018.

I. Kvörtun og málsatvik

1.

Þann 23. maí 2018 barst fjölmiðlanefnd kvörtun f.h. Símans hf. (hér eftir Síminn), þar sem fram kom að Síminn teldi Ríkisútvarpið ohf. (hér eftir Ríkisútvarpið) hafa brotið gegn ákvæði 2. mgr. 7. gr. laga um Ríkisútvarpið með kostun á sjónvarpsþáttunum Golfið.

Í erindi Símans var kvartað yfir því að Ríkisútvarpið hefði, að kvöldi þriðjudagsins 22. maí 2018, sýnt sjónvarpsþátt sem bar heitið Golfið, sem hafi verið kostaður af þremur auglýsendum, Eimskip, Securitas og Egils Gulli. Fram kom að Síminn teldi enga heimild fyrir slíku í lögum. Þá gæti b. liður í 6. gr. auglýsingareglna Ríkisútvarpsins ekki átt við um umræddan þátt, þar sem ekki væri verið að fjalla um einstakan íþróttaviðburð, heldur væri um nokkurs konar skemmti-, kennslu- eða afþreyingarþátt að ræða.

Í kvörtun Símans var óskað eftir álitum fjölmiðlanefndar á lögmati tilgreindrar kostunarsölu og inngripa nefndarinnar ættu þau við.

2.

Málsatvik voru þau að þann 22. maí 2018 hóf sjónvarpsþátturinn *Golfið* göngu sína á RÚV, en þættirnir hafa verið á dagskrá RÚV síðastliðin sumur. Hlynur Sigurðsson hafði umsjón með þáttunum, sem voru sex talsins og voru á dagskrá RÚV á þriðjudagskvöldum til og með 31. júlí. Í lýsingu þáttanna á vef RÚV segir:

Hlynur Sigurðsson fjallar um ýmsar hliðar golfiðkunar á Íslandi og ræðir við golfara.

Fyrstu fimm þættir Golfsins eru allir eins uppsettir. Í hverjum þætti er eftirfarandi til umfjöllunar; *Uppáhaldsholan*, þar sem þáttastjórnandi hittir fyrir einn áhugamann í golfi og



FJÖLMIÐLANEFND

spilar uppáhaldsholu áhugamannsins með honum; *Golfkennsla*, Ragnhildur Sigurðardóttir fer yfir og kennir grunnatriði í golfi; *Golfvöllur innanlands heimsóttur* og kynntur fyrir áhorfendum og rætt við félagsmenn og stjórnarmenn um starfsemi golfklúbbsins; *Ungir kylfingar*, kylfingur á unglingsaldri segir frá upplifun sinni af golfi; *Byrjendahornið*, þáttastjórnandi fær til sín gest, sem er byrjandi í íþróttinni, og spilar síðan eina holu eftir að hafa fengið stutta kennslu hjá Björgvini Sigurbergssyni kylfingi; *Golfsagan*, rætt er við hjónin Gullveigu Sæmundsdóttur og Steinar Lúðvíksson, sem skrifuðu bók um sögu golfs á Íslandi; *Golfreglur*, talað við Hörð Gestsson dómara og farið yfir einstakar reglur íþróttarinnar. Sjötti og síðasta þátturinn, sem sýndur var á RÚV þann 31. júlí, er svo samantekt um Íslandsmótið í golfi sem fram hafði farið í Vestmannaeyjum helgina áður.

Fyrir og eftir útsendingu hvers þáttar birtust kostunarskilti frá samstarfsaðilum Golfsambandsins, sem var kostandi þáttanna, samkvæmt tölvupósti frá Ríkisútvarpinu dags. 5. október sl. Kostunarskiltin voru hengd við útsendingarkerfi RÚV við útsendingu þáttanna og stöfuðu frá KPMG, Eimskip, Origo, Símanum, Securitas og Ölgerðinni.

II. Málsmeðferð og sjónarmið málsaðila

1.

Í bréfi fjölmiðlanefndar til Ríkisútvarpsins, dags. 31. maí 2018, var óskað eftir sjónarmiðum og upplýsingum þess um nefnda þætti. Meðfylgjandi var kvörtun Símans, dags. 23. maí 2018.

Í svari Ríkisútvarpsins, dags. 14. júní 2018, kom fram að íþróttadeild RÚV hefði sl. sjö ár verið með viðamikla dagskrárgerð í tengslum við Eimskipsmótaröðina í golfi, Íslandsmótið í golfi, önnur golfmót og tengda viðburði, sem mynduðu íslenska golfsumarið. Alls hafi verið framleiddur 71 þáttur. Kvað Ríkisútvarpið umfjöllun þáttanna ótvírætt falla undir heimildir 7. gr. laga um Ríkisútvarpið nr. 23/2013 (hér eftir lög um Ríkisútvarpið), til að afla tekna með kostun við útsendingu innlendra íþróttaviðburða og umfjöllunar um þá. Í þáttunum væru helstu mótum sumarsins gerð skil. Jafnframt væri fléttað inn umfjöllun um hinar ýmsu hliðar golfíþróttarinnar, kynningu á golfreglum, golfvöllum, afrekskylfingum, golfkennslu og umfjöllun um keppnisgolf í Eimskipsmótaröðinni. Umfjölluninni væri ætlað að mynda eina samfellda heild, sem svo næði hámarki með beinni útsendingu frá Íslandsmótinu í golfi í lok júlí. Þá sagði í bréfi Ríkisútvarpsins að allar útsendingar sumarsins og þáttaröðin hafi verið seld í heild sinni til Golfsambandsins, og því ekki verið að kosta stakan þátt, líkt og ætla mætti af kvörtun Símans hf. Kostendur hafi verið margir og þeim skipt niður á einstaka þætti og útsendingar.

Með svari Ríkisútvarpsins barst fjölmiðlanefnd einnig erindi frá Golfsambandi Íslands, dags. 12. júní 2018. Í erindinu, sem var ritað í tilefni af kvörtun Símans, dags. 23. maí, var því komið á framfæri að Golfsambandið og RÚV hafi átt í farsælu samstarfi um árabíl. Samstarfið fæli í sér að RÚV fjallaði með viðtækum hætti um íþróttina, frá ólíkum hliðum,



FJÖLMIÐLANEFND

allt frá keppnisgolfi að almennri kynningu. Golsambandið væri með nokkra sterka samstarfsaðila sem styddu við íþróttina og umfjöllun um hana. Með golfþáttunum og beinni útsendingu frá Íslandsmóttinu í golfi gæfist þessum samstarfsaðilum kostur á að tengja sig við íþróttina og koma á framfæri vörum sínum og þjónustu til áhorfenda. Þessi kostun gegndi mikilvægu hlutverki varðandi möguleika Golsambandsins á að afla sér tekna. Í tengslum við þær reglur sem gilda um kostanir á RÚV væri það mat Golsambandsins að umfjöllunin hafi myndað eina samfellda heild, varhugavert væri að slíta hana í sundur með því að einblína á tiltekna sjónvarpsþætti og efni þeirra. Um heildarumfjöllun væri að ræða sem næði hámarki með beinni útsendingu frá Íslandsmóttinu í golfi í lok júlímánaðar. Þættirnir fram að Íslandsmóttinu væru þannig nokkurs konar upphitun fyrir Íslandsmótið. Þá væri það dregið í efa að markmið löggjafans með 2. mgr. 7. gr. laga um Ríkisútvarpið hafi verið að þrengja svo að umfjöllun um innlenda íþróttaviðburði að óheimilt væri að kosta þáttargerð sem þessa.

2.

Með erindi fjölmiðlanefndar, dags. 6. júlí 2018, var Símanum gefinn kostur á að koma á framfæri frekari athugasemdum vegna sjónarmiða Ríkisútvarpsins, dags. 14. júní. Í bréfi Símans, dags. 12. júlí 2018 var sjónarmiðum Ríkisútvarpsins, sem vísa til hefðar og viðskipta við Símann, hafnað sem rökum í málinu með vísan til gildandi lagaákvæða um kostun. Umræddir þættir hafi ekki verið heimil kostun, samkvæmt 2. mgr. 7. gr. laga um Ríkisútvarpið, þar sem þættirnir voru ekki umfjöllun um innlendan íþróttaviðburð. Í þáttum fimm, fjögur, þrjú, tvö og eitt hafi engin umfjöllun verið um innlend mót og engin tenging við Eimskipsmótaröðina í golfi. Þannig væri rangt af Ríkisútvarpinu að halda því fram að um innlendan íþróttaviðburð hafi verið að ræða. Þá minnti Síminn á að það væri ástæða fyrir því að umsvifum Ríkisútvarpsins á samkeppnismarkaði um auglýsingar hafi verið settar skorður af Alþingi. Slíkt hafi verið gert til að tryggja að viðskiptalegir hagsmunir auglýsenda stjórnir ekki dagskrárgerð Ríkisútvarpsins. Í bréfinu áréttaði Síminn nefndarálit meirihluta allsherjar- og menntamálanefndar, þar sem fjallað væri um 7. gr. laga um Ríkisútvarpið, og vísaði til þess að þar væri afdráttarlaust kveðið á um að Ríkisútvarpið hefði þröngar heimildir til að afla tekna með kostunum. Meginregla væri að Ríkisútvarpinu væri óheimilt að afla tekna með kostun dagskrárefnis en víkja mætti frá þeirri reglu í algjörum undantekningartilvikum þ.m.t. við útsendingu á innlendum íþróttaviðburðum sem umræddur þáttur hefði alls ekki verið.

Hvað framsett sjónarmið Golsambandsins varðaði lýsti Síminn því yfir í bréfinu að þau skiptu engu máli þegar fjallað væri um lögbrot Ríkisútvarpsins. Erindi Golsambandsins lýsti þekkingarleysi á lagaumhverfinu. Sjónarmið, um að með þættinum gæfist samstarfsaðilum Golsambandsins færi á að tengja sig við íþróttina á sama tíma og þeir gætu auglýst vörur sínar og þjónustu til sjónvarpsáhorfanda, stæðust ekki skoðun og slíkt væri einfaldlega óheimilt samkvæmt grein 6.3. í leiðbeiningum fjölmiðlanefndar til fjölmiðla frá desember 2015. Þá hafnaði Síminn sjónarmiðum Golsambandsins, um að markmið löggjafans hafi



FJÖLMÍÐLANEFND

ekki verið að þrengja svo að umfjöllunum um innlenda íþróttaviðburði að umrædd þáttagerð gæti ekki verið kostuð. Í nefndarálitni með lagafrumvarpi því sem varð að lögum um Ríkisútvarpið segi að tilgangurinn sé nákvæmlega að þrengja kostunarsölu Ríkisútvarpsins með því að setja þá meginreglu að banna kostun en heimila þröngt skilgreindar undantekningar.

Að mati Símans leiddi þetta allt til sömu niðurstöðu. Skemmtiþátturinn Golfið væri á engan hátt bein útsending á íþróttaviðburði og allar undantekningar frá meginreglunni ætti að túlka þröngt. Að lokum var fjölmiðlanefnd hvött til að beita hámarkssektum og stöðva söluna án tafar til að Ríkisútvarpið ylli ekki frekari skaða á samkeppnismarkaði í skjóli ríkisstyrkja.

3.

Með bréfi, dags. 15. ágúst 2018, voru Ríkisútvarpinu send framangreind sjónarmið Símans og gefinn kostur á að koma að frekari sjónarmiðum til nefndarinnar fyrir 29. ágúst. Í svari Ríkisútvarpsins, dags. 29. ágúst, var vísað til þess að dagskrárefni það sem væri til umfjöllunar í þessu máli ætti sér sérstaka tilurð, gerðir hafi verið tugir þátta um árabíl, auk fjölda beinna útsendinga. Þá var því haldið fram að Ríkisútvarpið hefði engan hag, allra síst auglýsingahagsmuni, af því að haga innihaldi þáttanna með tilteknum hætti. Menningarleg og lýðheilsuleg sjónarmið réðu för við dagskrárgerð sem þessa líkt og í annarri íþróttaumfjöllun. Tilgangur kostunarinnar hafi verið að mæta kostnaði við upptökur og þáttagerð og þar hafi hagsmunir Gólf sambandsins verið hafðir að leiðarljósi. Fjárhæð samningsins hafi verið óbreytt um árabíl. Þá ítrekaði Ríkisútvarpið þau sjónarmið að þáttaröðin myndi samfellda heild. Þannig hafi ekki orkað tvímælis að umfjölluninni hafi verið tvinnuð saman við útsendingu helstu golfmóta sumarsins sem teljist íþróttaviðburðir, einn eða fleiri, í skilningi 7. gr. laga nr. 23/2013 um Ríkisútvarpið. Yrði komist að annarri niðurstöðu væri verið að girða fyrir afleidda umfjöllun tengda innlendum íþróttaviðburðum, sem samrýmdist ekki þeim sjónarmiðum sem byggju að baki umræddum reglum, hvað þá hagsmunum sjónvarpsáhorfenda og áhugamanna um golfíþróttina.

Þann 28. september 2018 barst fjölmiðlanefnd tölvupóstur frá Ríkisútvarpinu. Tölvupósturinn hafði að geyma samantekt íþróttadeildar RÚV á viðmælendum í þáttunum Golfið og hvernig þeir tengdust umfjöllun um mót á vegum Gólf sambandsins sumarið 2018. Auk þess kom eftirfarandi fram í tölvupóstinum:

Gólf sambandið stendur fyrir nokkrum mótariðum á hverju sumri. Þeirra viðamest eru Eimskipsmótariðin, Íslandsbankamótariðin, Íslandsmót í högggleik og Íslandsmót gólfklúbba.

Rætt er við keppendur og forvígismenn. Í ár var áhersla lögð á unga og efnilega kylfinga. Einnig er farið yfir helstu keppnisvelli landsins, en á hverju sumri er fjallað um nokkra velli. Einnig er fjallað um golfsöguna og golfreglur.



FJÖLMIÐLANEFND

Með tölvupósti fjölmiðlanefndar til Ríkisútvarpsins, dags. 5. október 2018, óskaði nefndin eftir því að fá send afrit af þáttunum Golfið þar sem fram kæmi hverjir væru styrktaraðilar, sem ekki hefði komið fram í afritum þeim sem nefndinni voru áður send til greiningar. Eftirfarandi svar barst samdægurs frá Ríkisútvarpinu:

Kostandi þáttanna var Golfsambandið. Kostunarskilti frá samstarfsaðilum Golfsambandsins birtist fyrir og eftir útsendingar frá golfmótum og annarra dagskrárliða eins og umræddra þátta. Skiltin eru ótengd efni þáttanna, eru bara hengd við í útsendingarkerfi RÚV við útsendingu. Því komu þau ekki með þegar við sendum ykkur afrit af þáttunum.

Kostunarskilti frá eftirtöldum samstarfsaðilum Golfsambandsins birtust í sumar: KPMG, Eimskip, Origo, Síminn, Securitas og Ölgerðin.

Aðrir styrktaraðilar Golfsambandsins, sem ekki birtu kostunarskilti á RÚV í sumar, en eru skráðir styrktaraðilar Golfsambandsins inn á golf.is eru: Bernhard, Íslandsbanki, Vörður og Icelandair.

4.

Fjölmiðlanefnd sendi Ríkisútvarpinu frummat sitt í málinu með bréfi, dags. 2. nóvember 2018. Þar fór fjölmiðlanefnd yfir helstu málsatvik og þau lagasjónarmið sem máli skipta við mat á því hvort Ríkisútvarpið hafi brotið gegn 2. mgr. 7. gr. laga um Ríkisútvarpið. Enn fremur vildi fjölmiðlanefnd veita Ríkisútvarpinu færi á því að koma á framfæri frekari sjónarmiðum í málinu. Bent var á að niðurstaða bréfsins fæli í sér frummat fjölmiðlanefndar en ekki endanlega afstöðu til þess hvort Ríkisútvarpið hafi brotið gegn ákvæði 2. mgr. 7. gr. laga um Ríkisútvarpið. Þær ályktanir sem settar væru fram kynnu að breytast gæfu athugasemdir og skýringar Ríkisútvarpsins tilefni til þess.

Í bréfinu kom fram að það væri frummat fjölmiðlanefndar að þættirnir Golfið, sem voru á dagskrá RÚV síðastliðið sumar, hefðu verið kostaðir í skilningi 27. töluliðar, 1. mgr. 2. gr. laga um fjölmiðla. Samkvæmt meginreglu 7. gr. laga um Ríkisútvarpið væri slík kostun óheimil nema í þeim undantekningartilvikum sem a. og b. liður 2. mgr. 7. gr. laganna tilgreindu. Jafnframt var það frummat fjölmiðlanefndar að ekki væri hægt að fallast á þau sjónarmið Ríkisútvarpsins að um heildstæða umfjöllun um golfmót sumarsins hafi verið að ræða sem heimilað gæti kostun á grundvelli b-liðar 2. mgr. 7. gr. Að mati fjölmiðlanefndar var því ekki um að ræða kostun á útsendingu innlendra íþróttaviðburða eða umfjöllunar um slík mót. Í þáttunum hafi litla sem enga umfjöllun um golfmót sumarsins verið að finna fyrir utan sjötta og síðasta þátt þáttaraðarinnar sem var samantekt frá Íslandsmótinu í golfi. Sá þáttur hafi hins vegar ekki verið í neinum tengslum við fyrri fimm þætti þáttaraðarinnar.

Var það frummat fjölmiðlanefndar að Ríkisútvarpið hafi brotið gegn 2. mgr. 7. gr. laga um Ríkisútvarpið nr. 23/2013 með kostun á þáttunum, Golfið sem sýndir voru á RÚV sumarið 2018.



FJÖLMIÐLANEFND

Þá óskaði fjölmiðlanefnd eftir upplýsingum um fjárhæð framlags Golfsambands Íslands til Ríkisútvarpsins vegna kostunar á umræddri sjónvarpsþáttaröð.

5.

Í svari Ríkisútvarpsins til fjölmiðlanefndar, dags. 16. nóvember 2018 kom fram að umræddir þættir hafi verið á dagskrá RÚV með þessu fyrirkomulagi um langt skeið. Þættirnir væru ekki sambærilegir þáttunum Íþróttalífið, sem tækju til umfjöllunar margar íþróttagreinir og væru ekki settir fram í samhengi við tiltekna íþróttaviðburði. Ekki yrði ráðið af lögum né lögskýringargögnum að kostunarheimild væri bundin við einskiptisatburði. Þá kom fram að Ríkisútvarpið gæti eftir atvikum fallist á að þættirnir beri þess ekki allir nægilega sterk merki að vera umfjöllun í samhengi við útsendingu innlendra íþróttaviðburða. Hins vegar ættu þættirnir sér langa tilurð og forsögu og hafi öllum verið ljóst að þeir væru kostaðir án þess að athugasemdum hafi sætt. Þættirnir hafi m.a. verið til umfjöllunar í öðru máli fjölmiðlanefndar án þess að kostunin hafi sætt athugasemdum af hálfu nefndarinnar, sbr. ákvörðun fjölmiðlanefndar nr. 7/2016. Með vísan til þessa og góðrar trúar Ríkisútvarpsins leiddu meðalhófssjónarmið til þess að engin þörf væri á stjórnvaldssektum í málinu. Loks vísaði Ríkisútvarpið til erindis Golfsambands Íslands, dags. 23. nóvember 2018, sem ritað var til fjölmiðlanefndar í tilefni af frummati nefndarinnar á greiðslum til Ríkisútvarpsins vegna kostunarinnar.

Í umræddu erindi Golfsambands Íslands, dags. 25. nóvember 2018, var ítrekað að hið góða samstarf Golfsambandsins og Ríkisútvarpsins ætti sér langa sögu. Þá kom fram að Golfsamband Íslands hafi greitt Ríkisútvarpinu samtals [...] í tengslum við íslenska golfsumarið. Þannig hafi verið greiddar [...] vegna auglýsinga á golfmótum sumarsins og [...] vegna kostunar á öllu efni tengdu golfi, þar væri verðmæti Íslandsmótsins langmest. Jafnframt kom fram að Golfsambandið hefði ekki lagt mat á kostun hvers og eins liðar fyrir sig, enda hafi verið litið á samstarfið sem eina heild. Hugsanlegt mat Golfsambandsins á andvirði kostunar hvers þáttar Golfsins, reiknað eftir á, væri [...] þannig að kostun allra þáttanna næmi u.þ.b. þriðjungi af andvirði heildarkostunar og andvirði kostunar Íslandsmótsins næmi tveimur þriðju hlutum af andvirði heildarkostunar.



FJÖLMIÐLANEFND

III. Niðurstaða

1.

Eftirlitshlutverk fjölmiðlanefndar á grundvelli laga um Ríkisútvarpið nr. 23/2013 (hér eftir lög um Ríkisútvarpið) er með þeim hætti að nefndin hefur m.a. eftirlit með ákvæði 7. gr. laganna um viðskiptaboð. Fjölmiðlanefnd hefur heimild til að leggja á stjórnvaldssekt, eða ljúka málsmeðferð með birtingu álits, vegna brota á 7. gr. um viðskiptaboð, en þær heimildir taka ekki til brota á öðrum ákvæðum laga um Ríkisútvarpið en 7. gr.

Hugtakið kostun er skýrt í 27. lið, 1. mgr. 2. gr. laga um fjölmiðla nr. 38/2011 (hér eftir lög um fjölmiðla.) Þar segir að kostun sé hljóð- og myndsending í viðskiptaskyni sem tekur til hvers konar framlaga opinbers fyrirtækis, einkafyrirtækis eða einstaklings til fjármögnunar einstakra dagskrárliða með það fyrir augum að vekja athygli á heiti viðkomandi, vörumerki, ímynd, starfsemi eða vörum, enda fáist viðkomandi hvorki við hljóð- né myndmiðlun né framleiðslu hljóð- og myndverka.

Í 2. mgr. 7. gr. laga um Ríkisútvarpið er kveðið á um þá meginreglu að Ríkisútvarpinu sé óheimilt að afla tekna með kostun dagskrárefnis. Heimilt sé að víkja frá þeirri meginreglu í tveimur undantekningartilvikum:

- a. við útsendingu íburðarmikilla dagskrárliða til að mæta útgjöldum við framleiðslu eða kaup á sýningarrétti.
- b. við útsendingu innlendra íþróttaviðburða og umfjöllunar um þá.

Af b-lið 2. mgr. 7. gr. laga um Ríkisútvarpið má ráða að Ríkisútvarpinu er heimilt að kosta útsendingar innlendra golfmóta og umfjöllun um slík mót.

2.

Það er mat fjölmiðlanefndar að þættirnir *Golfið*, sem voru á dagskrá RÚV síðastliðið sumar, hafi verið kostaðir í skilningi 27. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga um fjölmiðla. Því hefur ekki verið mótmælt af hálfu Ríkisútvarpsins og í erindi Ríkisútvarpsins, dags. 5. október 2018 til fjölmiðlanefndar er Golfsambandið sagt vera styrktaraðili þáttanna og að kostunarskilti frá styrktaraðilum Golfsambandsins birtist fyrir og eftir hvern þátt.

Samkvæmt meginreglu 7. gr. laga um Ríkisútvarpið er slík kostun óheimil nema í framangreindum undantekningartilvikum. RÚV heldur því fram í erindum sínum að þættirnir séu umfjöllun um golfmót sumarsins og eigi því undir undantekningarheimild þá sem er að finna í b.lið 2. mgr. 7. gr. Í erindi Ríkisútvarpsins, dags. 14. júní 2018, segir orðrétt:

„Í umræddum golfþáttum, sem mynda þáttaröð, er íslenska golfsumrinu gerð skil, þ.e. helstu mótum sem um ræðir. Inn í þessa umfjöllun, og raunar í samstarfi við Golfsambandið, er fléttað saman umfjöllun um ýmsar hliðar golfíþróttarinnar og má



FJÖLMIÐLANEFND

Þar nefna kynningu á golfreglum, golfvöllum, afrekskylfingum, golfkennslu og umfjöllun um keppnisgolf á Eimskipsmótaröðinni. Umfjölluninni er ætlað að mynda samfellda heild, og nær hámarki með beinni útsendingu frá Íslandsmótinu í golfi í lok júlí.“

Fjölmiðlanefnd getur ekki fallist á framangreind sjónarmið Ríkisútvarpsins. Í fyrstu fimm þáttum Golfsins er engin umfjöllun um golfmót sumarsins, eins og Ríkisútvarpið heldur fram, hvorki um Íslandsmótið né önnur mót. Eingöngu er minnst á Íslandsmótið í golfi, sem haldið var í Vestmannaeyjum í eitt skipti, þ.e. í fyrsta þættinum í viðtali við forseta Golfsambands Íslands. Þannig er efni 1.-5. þáttar á engan hátt tengt við Íslandsmótið í golfi. Einungis sjötti og síðasti þátturinn fjallar um fyrrnefnt golfmót. Sá þáttur er hins vegar í litlum tengslum við fyrri þætti, t.a.m. er ekki sami þáttastjórnandi, annað upphafsstef, auk þess sem í lok 1.-4. þáttar er umfjöllun um efni næsta þáttar en ekki í lok fimmta þáttar, sem er næstsíðasti þáttur þáttaraðarinnar.

Í skýringum við 7. gr. í frumvarpi því sem varð að lögum um Ríkisútvarpið segir að víkja megi frá bannreglu 2. mgr. við útsendingar íburðarmikilla dagskrárliða til að mæta útgjöldum við framleiðslu eða kaup á sýningarrétti innlendra íþróttaviðburða og umfjöllunar um þá. Jafnframt segir að túlka beri undantekningarreglur þröngt. Í ljósi framangreinds getur fjölmiðlanefnd ekki fallist á þau sjónarmið að þættirnir í heild sinni geti talist vera umfjöllun um innlandan íþróttaviðburð, sem heimili RÚV að afla tekna með kostun.

Að öllu framangreindu virtu er það niðurstaða fjölmiðlanefndar að Ríkisútvarpið hafi brotið gegn 2. mgr. 7. gr. laga um Ríkisútvarpið nr. 23/2013 með kostun á þáttunum, Golfið sem sýndir voru á RÚV sumarið 2018.

Samkvæmt 1. mgr. 17. gr. laga um Ríkisútvarpið getur fjölmiðlanefnd lagt stjórnvaldssektir á Ríkisútvarpið vegna brota á ákvæðum 7. gr. sömu laga. Þó má falla frá sektarákvörðun teljist brot óverulegt eða af öðrum ástæðum ekki er talin þörf á beitingu sekta, sbr. 3. mgr. 17. gr. laga um Ríkisútvarpið.

Ríkisútvarpið vísaði til þess í bréfi sínu dags. 16. nóvember að þar sem þættirnir hafi verið til umfjöllunar í öðru máli fjölmiðlanefndar án þess að kostunin hafi sætt athugasemdam af hálfu nefndarinnar, sbr. ákvörðun fjölmiðlanefndar nr. 7/2016, leiddu meðalhófssjónarmið og góð trú Ríkisútvarpsins til þess að falla bæri frá sektarákvörðun í málinu.

Í máli því er Ríkisútvarpið vísaði til í erindi sínu og leiddi til ákvörðunar nr. 7/2016 höfðu Foreldrasamtök gegn áfengisauglýsingum kvartað yfir ítrekuðum áfengisauglýsingum á Egils Gulli frá Ölgerðinni Agli Skallagrímssyni sem birst höfðu á RÚV. Í umræddu tilviki hafði kostunarstikla, sem fjölmiðlanefnd hafði áður komist að niðurstöðu um að væri brot á 4. mgr. 37. gr. laga um fjölmiðla, sbr. ákvörðun nr. 2/2016, verið sýnd í tengslum við sjónvarpsþættina Golfið. Með ákvörðun nr. 7/2016 tók nefndin eingöngu afstöðu til þess hvort 4. mgr. 37. gr. laga um fjölmiðla hefði verið brotin. Nefndin komst að þeirri niðurstöðu að um ítrekað brot Ríkisútvarpsins á 4. mgr. 37. gr. fjölmiðlalaga hefði verið að ræða.



FJÖLMÍÐLANEFND

Fjölmíðlanefnd getur ekki fallist á sjónarmið Ríkisútvarpsins um að þar sem ekki hafi verið gerðar athugasemdir við kostun Golfsambands Íslands í áðurnefndri ákvörðun nr. 7/2016 leiði það til þeirrar niðurstöðu að Ríkisútvarpið hafi mátt ætla að kostun sú sem hér um ræðir hafi verið heimiluð. Það atriði var einfaldlega ekki til umfjöllunar í viðkomandi máli. Engin rök standa þannig til þess að ákveða ekki sekt í málinu.

IV. Ákvörðunarorð

Ríkisútvarpið ohf. braut gegn 2. mgr. 7. gr. laga um Ríkisútvarpið nr. 23/2013 með kostun á þáttaröðinni Golfið, sem var á dagskrá RÚV vikulega frá 23. maí til 31. júlí 2018.

Ríkisútvarpið greiði 1.000.000 kr. í stjórnvaldssekt.

Hulda Árnadóttir

Róbert H. Haraldsson

Björn Vignir Sigurpálsson

Finnur Beck